

Ár 2016, þriðjudaginn 30. ágúst, var í Dómstóli Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) kveðinn upp dómur í kærumáli nr. 1/2016:

Arnar Freyr Arnarsson

gegn

Handknattleiksdeild Fram (Fram) og Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ)

Málið dæmir Halldór Kr. Þorsteinsson.

Mál þetta er höfðað með kæru dags. 18. ágúst 2016 og móttékin var á skrifstofu HSÍ kl. 11:50 sama dag. Málið var þingfest sama dag.

Dómari sendi varnaraðilum áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kæru og fylgigögnum 19. ágúst 2016 og gaf þeim þriggja sólarhringa frest til að skila inn greinargerð. Þá óskaði dómari eftir athugasemdum frá stjórn HSÍ um málið. Varnaraðilar skiluðu hvorugur inn greinargerð.

Í kæru fer sóknaraðili fram á að málið sæti flýtimeðferð. Af gögnum málsins má ráða að skilyrðum 38. gr. laga HSÍ er ekki fullnægt til að verða við kröfum um að málið sæti flýtimeðferð.

Dómskjöl

Frammi liggja eftirtalin skjöl, lögð fram af sóknaraðila:

Kæra, dags. 18. ágúst 2016

Fylgiskjal nr. 1, leikmannasamningur HSÍ, dags. 1. maí 2015

Fylgiskjal nr. 2, aðvörunarbréf til Fram ásamt fylgiskjölum, dags. 30. maí 2016

Fylgiskjal nr. 3, riftunarbréf til Fram ásamt fylgiskjölum, dags. 11. júlí 2016

Fylgiskjal nr. 4, mótmæli Fram við riftun, dags. 22. júlí 2016

Fylgiskjal nr. 5, bréf til HSÍ, dags. 5. ágúst 2016

Fylgiskjal nr. 6, höfnun á félagaskiptum, dags. 17. ágúst 2016

Fylgiskjal nr. 7, yfirlit og reikningar.

Dómkröfur sóknaraðila

Sóknaraðili gerir þær kröfur

- að dómurinn staðfesti að riftun hans frá 11. júlí 2016 á leikmannasamningi við Handknattleisdeild Fram hafi verið lögmæt.
- að dómurinn staðfesti að Handknattleisdeild Fram hafi ekki verið heimilt að setja önnur skilyrði fyrir félagaskiptum Arnars en að skil væru gerð á æfingagjöldum, en hafi að öðru leyti verið óheimilt að synja um félagaskiptin.
- að dómurinn staðfesti að synjun HSÍ á umræddri félagaskiptabeiðni hafi verið ólögmæt og að stjórn HSÍ og framkvæmdastjóra hafi borið að neyta úrræða 16. gr. reglugerðar HSÍ um félagaskipti, leikmannasamninga o.fl. til að knýja fram umbeðin félagaskipti.
- að Handknattleiksdeild Fram og HSÍ verði in solidum gert að greiða sóknaraðila málskostnað.

Niðurstaða dómsins

Kæra barst dómstóli HSÍ innan við 24 klukkustundum frá því hin kærða höfnun átti sér stað. Hún uppfyllir því skilyrði 35. gr. laga HSÍ. Þá uppfyllir kæran form- og efniskröfur 36. gr. sömu laga.

Mál þetta er tilkomið vegna höfnunar HSÍ á félagaskiptabeiðni frá sænska handknattleikssambandinu fyrir sóknaraðila úr Fram til sænska félagsins IFK Kristianstad og synjun Fram um heimild til að afgreiða félagaskiptin.

Eftir að málið var þingfest upplýsti HSÍ dómara um að Fram og sænska félagið IFK Kristianstad hefðu þann 25. ágúst 2016 komist að samkomulagi um félagaskipti sóknaraðila. Þann 30. ágúst 2016 barst dómara síðan staðfesting á alþjóðlegum félagaskiptum sóknaraðila til sænska félagsins.

Samkvæmt dómi Áfrýjunardómstóls HSÍ í máli nr. 1/2002 skal gera þær kröfur við málsmeðferð dómstóls HSÍ að í öllum aðalatriðum sé farið eftir viðurkenndum meginreglum réttarfars. Að íslenskum rétti gildir sú meginregla, að það sé skilyrði fyrir því að dómara leysi úr sakarefni að það skipti máli fyrir stöðu sóknaraðila að lögum að fá dóm um það. Í þessu máli liggur fyrir að sóknaraðili kunni að hafa haft lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, en að þeir séu nú liðnir undir lok þar sem félagaskipti séu gengin í gegn.

Þar sem hagsmunir sóknaraðila af því að fá úrlausn um sakarefnið eru liðnir undir lok verður því vísað frá dómi án kröfu.

Dómsorð

Kæru Arnars Freys Arnarssonar dagsettri 18. ágúst 2016 á hendur Handknattleiksdeild Fram og Handknattleikssambandi Íslands er vísað frá dómi.

sign.

Halldór Kr. Þorsteinsson